



Haldreipi ósamstæðunnar

MYNDLIST

HULDA RÓS
GUÐNADÓTTIR



Listasafn Reykjavíkur
- Hafnarhúsi. D-salur

Ekki brotlent enn – Andreas Brunner
★★★★☆

Einkasýning. Sýningarstjóri: Markús Þór Andrésson . Safnið verður opnað að nýju 4. maí. Opnið alla daga 10-17, fimmtudaga til 22.

D-salur Listasafns Reykjavíkur hefur síðan 2007 verið helgaður list ungra listamanna sem sýningarstjórar safnsins telja að hafi mótandi áhrif á íslenska myndlistarsenu hverju sinni. Endurnýjun er mikilvæg í listinni eins og öðru og í salnum er listamönnum boðið snemma á ferli sínum að halda sína fyrstu einkasýningu í safni. D-sals sýningaröðin hefur heppnast mjög vel og er mikilvægur þáttur í orðspori Listasafns Reykjavíkur sem fremsta samtímalistasafns landsins. Sýningarnar eru oft með því ferskasta sem er í gangi og er núverandi sýning svissneska listamannsins Andreas Brunner engin undantekning þar á. Andreas útskrifaðist nýlega með MA-gráðu úr myndlist frá Listaháskóla Íslands og val á listamanninum varpar ljósi á áhugavert starf innan deildarinnar en þar er lögð áhersla á myndlistarsköpun sem rannsóknartæki og að vera vettvangur alþjóðlegrar samræðu með fjölda nemenda úr listaskólum erlendis frá.

Í hjörtu hylki

Í innsetningu Andreasar hefur hvít-málaður salurinn með þremur suður-gluggum og tveim áttírhindum burðarsúlum fengið að njóta sín eins og hann er. Verkin eru dreifð um salinn sem verður að einskona björtu hylki lýstu upp af endurskíni sólarinnar. Vörpun skugga í ofurhvítu rým-inu verður hluti af sýningarupplifuninni en allt þetta er að sjálfsögðu háð tilviljun þess tíma dags sem áhorfandinn sækir sýninguna heim. Skuggaspilið verður einkum áberandi í sambandi við ósamsíða trapísulagaða flata trégrind sem liggur fyrir miðju salarins, aðeins þó til hliðar, og hvílir á átthyrndu grindarverki á þrem upplásum glærum plastboltum í þeirri stærð sem hægt er að hossa sér á. Allir eu þeir merktir 'Gymni Opti-ball' og eru framleiddir í Osoppo á Ítalíu. Annað tilviljunarkennt atriði sem kalla á óvæntar hugrenningar en að þessu sinni vegna ófyrirsjáanlegs tímasamhengis sýningarinnar. Ofan á grindinni eru svo sex gífsafsteypur af sprungnum boltum, slittislegar grálitaðar afsteypur í andstöðu við þanda spennu útblásnu boltanna og bjartan viðarlitinn.



Ljósmyndir/Pétur Thomsen

Ekki brotlent Tilviljunarkennd atriði á sýningu Andreas Brunner kalla á óvæntar hugrenningar, segir rýnirinn.



Kvenhönd Hansaklædd vísun í aldagamla evrópska menningu.

Ósamstæða og vísun í allar áttir

Þegar gengið er inn um aðal-inganginn að salnum blasir við á hægri hönd lítill dökkur málm-skúlpúr af útréttri kvenhönd sem sýnir okkur í lófa sínum forboðna ávöxtinn granítepli. Ófyrirsjáanleg atburðarás hefur aftur áhrif á lestur verksins en allt í einu verður mikilvægara atriði að höndin sé hansaklædd heldur en vísun í aldagamla evrópska menningu þar sem siður er að slík táknmynd gyðjunnar Persefónu sé notuð sem hurðabankari. Á austurvegg eru þrjár smágerðir hankar af sömu málmgerð og líklega einnig fundnir hlutir. Allir sýna þeir eins brjóstmynd af konu í kjól sem minnir á borgaralegan klæðnað hinnar gömlu Evrópu. Á hönkunum hanga bleiklitaðir treflar úr mjúku sílikonefni sem er kunnuglegri efnisnotkun listamanns af kynslóð Andreasar. Sami upphleypti textinn er greypur í alla treflana en ómögulegt er að lesa hvað stendur á þeim. Ósamstæð efnisnotkun vísar í allar áttir. Hvað er listamaðurinn að

reyna að segja? Letrið er skáletrað og virðulegt. Treflarnir minna gangrýnanda Morgunblaðsins frekar á evrópska herratrefla fyrri alda frekar en til dæmis fótbolta-trefla nútímans en kannski er hann að reyna að finna samstæða frásögn og samtal við málm-skúlpúrana úr fortíðinni. Sýningarstjórinn Markús Þór varar einmitt sérstaklega við því í sýningartexta að rýna í inntak, efni eða form einstakra verka í leit að einhverju til að styðja sig við.



Treflar „Hvað er listamaðurinn að reyna að segja?“ spyr rýnir sig.

Fram og til baka

Tvö kvikmyndaverk eru í salnum. Annað er á litlum 21 tommu skjá niðri við gólf á norðurveggnum, alveg við innganginn. Það sýnir ljósgráa engisprettu á trjábol með grænlitadár barrtrésgreinar í bakgrunni. Engisprettan ruggar sér fram og til baka og barrtrégreinarnar að því er virðist í takt. Fram og til baka. Öðru hvoru frýs myndin alveg en heldur svo áfram í endalausri endurtekningu. Til að sjá myndina vel verður áhorfandi annaðhvort að krjúpa niður eða láta sér nægja að horfa ofan frá eins og hann myndi gera ef hann horfði á engisprettu í náttúrunni. Hitt verkið er fyrir enda salarins. Það er sýnt á 40 tommu skjá sem stendur lóðréttur á svartri sérsmíðaðri járngrind. Í verkinu birtist önnur hönd sýningarinnar. Að þessu sinni lifandi hönd sem heldur á eldflaugafrostpinna, bleikum að neðan en hvítum að ofan með súkkulaði-topp. Höndin kreistir frostpinnan, og líkt og gerist þegar granítepli er kreist, þá lekur vökvinn úr frostpinnanum út um alla hönd þannig að hún er öll orðin klístruð og útötuð litlum súkkulaðibitum sem hefðu getað verið graníteplisfræ. Bara eru það ekki. Samhljómurinn rjátlar í gegn á

hátt sem erfitt er að festa hönd á. Allt stefnir þetta í óefni. Líklegast brotlendingu.

Framkvæmd D-sýningaraðarinnar hefur verið með ýmsu móti en undanfarið hefur áhugasömum verið boði að senda inn umsóknir og nokkrir hafa verið valdir. Það hefur ekki oft gerst að listamenn upprunir í öðrum löndum hafa verið valdnir til að sýna. Röðin hefur haft það orðspor að vera frátekin fyrir þá sem eiga sér langar rætur aftur í kynslóðir á Íslandi. Árið 2009 var undantekning en þá sýndu Ítalinn Jeanette Castioni, sem útskrifaðist hafði úr BA-námi við Listaháskóla Íslands nokkrum árum áður, og Bandaríkjamadurinn Ryan Parteka sem hafði þá búið og starfað á Íslandi í nokkur ár. Síðan þá hefur enginn með innflytjendabakgrunn sýnt í röðinni. Listamenn hafa allir verið hvítir, karl eða kona og ef til vill ófatlaðir og gagnkynhneigðir. Myndlistargagnrýnandi Morgunblaðsins veltir fyrir sér hvort það geti verið að fjölbreytileiki sé útilokaður á einhvern hátt hjá upprennandi myndlistarfólki eða hvort einsleitnin sýni ákveðna blindu hjá valnefnd safnsins. Eins og með upplifun af verki Andreasar er erfitt að gera sér grein fyrir hvort er og kannski er það flóknari en það.